

Multiple Representation Dice - Fjöltáknateningar

Aldur: 5 – 12 ára

Innihald: 16x frauðteningar

Að skilja jafngildi

Jafngildar framsetningar eru mikilvægur þáttur í talnaskilningi nemenda. Þessi teningar bjóða upp á fjölbreyttar töluframsetningar. Mismunandi framsetningarnar á þeim ýta undir skilning á mikilvægi 5 og 10 í grunntalnakerfinu okkar og gildi þessara viðmiðunartalna. Það má leika alla leiki sem krefjast tugateninga, ristutalningar eða tugaramma með þessum teningum.

Æfing 1: Ég fékk fjóra!

Efniviður

- Fjöltáknateningar (í sama lit)
- Pappír og blýantur fyrir stigatalningu (ef vill)
- Nógu stórt ílát til að kasta 4 teningum

Færni

- Þekkja mismunandi framsetningar á tölum frá 0-20

Markmið þessa einstaklingsverkefnis er að nemendur fái allar fjórar framsetningarnar á sömu tölunni. Nemendur kasta fjórum teningum í sama lit (liturinn fer eftir getu nemandans). Þau halda til hliðar hvaða teningum sem þau vilja. Svo kasta þau teningunum aftur sem verða eftir og reyna að ná sömu tölu og þau náðu fyrst. Markmiðið er að safna öllum fjórum framsetningum á einhverri tölu í sem fæstum köstum. Ef nemendur hafa ekki lært um einhverja framsetningu enn (t.d. ekki enn farið í ristutalningu) má sleppa þeim teningum úr leiknum og leika með þrjár framsetningar. Nemendur geta einnig leikið í pörum og reynt að ná fjórum mismunandi framsetningum í færri köstum en félagi þeirra.

Verkefni 2: Teiknið hin þrjú

















Efniviður

- Fjöltáknateningar (í sama lit)
- Nógu stórt ílát til að kasta 4 teningum
- Ljósrit (sjá mynd) – búið til auða töflu með þessum flokkum

Færni

- Að þekkja mismunandi framsetningar á tölum frá 0-20.

Nemendur fá sett af teningum sem þeirra. Þau fá fjóra teninga í sama lit þau hafi allar fjórar framsetningarnar. kasta teningunum fjórum og merkja framsetningu. Síðan teiknar/skrifir hinar þrjár framsetningarnar á tölunni viðeigandi reit. Ef núll kemur upp, eru ristutalningunni og tugarömmunum

Dice	Ten-Frames	Tally Mark	Base Ten	Numeral
				3
				5
				2
				✓

henta getu þannig að að Nemendurnir við hverja hver nemandi sem um ræðir í reitirnir með skildir eftir auðir.

Verkefni 3: Fjöltáknasamlagning

Efniviður

- Tveir fjöltáknateningar (eftir getu)
- Nógu stórt ílát til að kasta 2 teningum

Færni

- Að leggja saman tveggja stafa tölur og eins stafs tölur
- Að leggja saman tveggja stafa tölu og margföldun af 10

Samlagning á tveggja stafa tölum og eins stafs tölum er meiri áskorun með mismunandi framsetningum. Hver nemandi eða hópar fá einn appelsínugulan eða bláan tening (0-10) og einn fjólubláan eða grænan (10-20) tening, sem þau kasta og leggja saman. Það hjálpar að biðja nemendur um að skrifa yrðingu fyrir hvert kast til að gera þá ábyrga fyrir vinnu sinni. Fyrir aukna áskorun geta nemendur notað appelsínugulan eða bláan tening til að tákna hópa af 10 til að æfa samlagningu á tveggja stafa tölu við margfeldi af 10. Þau gætu til dæmis kastað 6 og 18 og myndu þá skrifa $60 + 18 = 78$.

Verkefni 4: Fimmuskráning

Efniviður


- Teningar með ristutalningu

- Nógu stórt ílát til að kasta 4 teningum
- Leikborð (sjá mynd)
- Merklar (peð)

Færni

- Að hraðtelja með fimmum

Skiptið í pör eða litla hópá og látið hvern nemanda hafa leikborð merkt 20-45 (skipt eftir fimmum). Hver nemandi kastar öllum fjórum ristuteningunum. Teljið aðeins eftir fimmum og teljið þar af leiðandi aðeins í hópum af 5 á teningunum. Ef nemandi kastar 4, 6, 13 og 17 myndi hann/hún hraðtelja hópána af fimmum upp í 30. Þegar nemandinn er kominn með niðurstöðu (30), er settur merkill á þann reit leikborðsins hennar/hans. Ef það er nú þegar merkill á þeim reit, er kastað aftur. Haldið áfram að kasta og hraðtelja þar til búið er að fylla út í alla reiti leikborðsins. Fyrsti nemandinn til að merkja við alla reitina frá 20 til 45 fer með sigur af hólmi.



Þýðing: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir